



## Ársskýrsla 2011

	Efnisyfirlit:	
<b>Yfirlit</b> .....		2
<b>Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir</b> .....		3
<b>Skógur undir veg</b> .....		6
<b>Fræðsla og ráðstefnur</b> .....		7
Grænni skógar 1 .....		7
Fagráðstefna skógargeirans .....		7
Önnur fræðsla og fundir .....		7
<b>Nýtt á döfinni</b> .....		8
Grisjunaráttak .....		8
Orkuskógar á Vestfjörðum .....		8
<b>Ný stjórn Skjólaskóga</b> .....		8

## Ársskýrsla 2011

### Yfirlit.

Árið 2011 var á margan hátt sérstakt í sögu Skjólskóga. Framlag á fjárlögum var 40, 4 milljónir eða það lægsta frá stofnári verkefnisins árið 2000 sé miðað við fast verðlag. Starfsfólki skjólskóga hefur fækkað úr 3,4 árið 2007 í 2 á árinu 2011, en Arnlíni Óladóttur skógfræðingi var sagt upp 80% stöðu sinni í hagræðingarskini um ármaótin 2010/ 2011. Það má því segja að árið 2011 hafi einkennst af því að koma nauðsynlegum og umsömdum hlutum í verk en öðru svo sem þróunarstarfi eða úttektum var í engu eða litlu sinnt. Ekki voru gerðir nýjir samningar á árinu en áætlunargerð fyrir nokkrar jarðir var klárað.

Kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði þann 2. september 2011 (mál 5/2011) að uppsögn Arnlínar hafi brotið gegn ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.


Halli var á rekstri 2010 upp á 3,5 milljónir og neikvæður höfuðstóll í ársbyrjun 2011 nam 1,3 milljónum. Fyrirséð var að árið 2011 yrði afar þungt í skauti þar sem það var síðasta ár bindandi samninga um plöntukaup frá janúar 2008. Vegna lækkunar á framlögum til verkefnisins frá 2009 hafði ekki verið hægt að standa að fullu við þann samning árin 2009 og 2010 en ekki varð undan samningum vikist fram yfir árið 2011. Allt var þó gert til að lækka kostnað m.a. með því að áframselja 95.000 plöntur til annara landshlutaverkefna á árinu 2011.

Rekstrarhalli varð engu að síður 2,9 milljónir árið 2011 og við árslok er því uppsafnaður höfuðstóll neikvæður um 4,2 milljónir. Á þeim neikvæða höfuðstól verður að vinna árið 2012. Þrátt fyrir að önnur landshlutaverkefni tækju umtalsvert af plöntum úr samningum Skjólskóga var gróðursetning ársins með mesta móti eða rúmlega 311 þúsund plöntur. Framlög til skógarbænda vegna framkvæmda héldust því há og í raun hlutfallsleg þau hæstu frá stofnun Skjólskóga. Samtals námu framlög til skógarbænda 25.764.664 kr. eða 57% alls reksturskostnaðar. (sjá ársreikning 2011)

Mikils aðhalds var gætt í rekstri á árinu en sú staða að neikvæður uppsafnaður höfuðstóll er óásættanlegur við árslok gerir kröfu um enn frekari niðurskurð 2012. Hægt er að draga úr breytilegum kostnaði nú þar sem bindandi samningar um plöntukaup eru útrunnir og einnig var tekin ákvörðun í árslok að draga enn frekar úr föstum kostnaði með því að fækka stöðugildum 2 í 1,8.

## Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir


Gróðursetningar árið 2011 voru með mesta móti enda þurfti að ljúka við að fullnusta samninga við plöntuframleiðendur, þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu. Á árinu voru gróðursettar 311.833 plöntur eða 35% fleiri en árið áður.



Óvenjumikið var gróðursett af grenitegundum á árinu og skýrist það að hluta af því hvaða tegundir var auðveldast að losna við til annara verkefna til að minnka heildarmagnið.



Tafla og graf hér neðar sýna skiptingu og gróft hlutfall tegunda voru sumarið 2011.

Tegundir	fjöldi
Ilmbjörk	79.589
Sitkagreni/S.bast.	61.965
Hvítgreni	39.640
Blágreni	5.005
Svartgreni	2.000
Rússalerki	14.830
Mýralerki	3.120
Evrópulerki	3.680
Fjallalerki	400
Stafafura	26.360
Bergfura	19.840
Lindifura	5.880
Alaskaösp	29.771
Reyniviður	6.870
Selja	8.160
Loðvíðir	3.710
Gul./Strandavíðir	720
Ýmsar tegundir	293
Samtals:	311.833



Framkvæmdaskráning leiðir í ljós að á árinu bættust 130 hektarar við þá 1.380 ha sem komnir voru áður undir merkjum Skjólsgóga. Talsvert vantar því á að árleg afköst nái því að á fyrirhuguðum starfstíma verkefnisins verði plantað í tæpa 30.000 ha. Með sömu afköstum gæti það markmið náðst á 238 árum í stað 40 ára eins og ráð var fyrir gert í upphaflegri áætlun Landbúnaðarráðuneytis árið 1999.

Skógræktarframkvæmdir fóru fram á 34 jörðum af þeim 52 sem eru með samninga við Skjólस्कóga. Skipting framkvæmda eftir svæðum (sýslum) var eftirfarandi:



Skógræktarframlög hafa eðli málsins samkvæmt mikla fylgni við framkvæmdamagn (gróðursettar plöntur) á hverri jörð eða landshluta og því má slá föstu að skipting plantna milli svæða sé í sama eða mjög svipuðu hlutfalli og upphæð skógræktarframlaga. Beint framlag til framkvæmda, reiknað á hverja plöntu var 81,7 kr. árið 2011.

Aðeins var unnið við skjólbeltagerð á tveimur jörðum; Innri-Hjarðardal í Öfundarfirði og Höfða í Dýrafirði. Bændur virðast hafa áttað sig vel á gagnsemi skjóls fyrir ræktun en skortir ef til vill áráði til að brúka hagkvæma kosti, samanber myndina til hægri >





Gróðursetningar gengu vel þrátt fyrir rysjóttá tíð og kuldahret í maí og kalt tíðarfar fram undir mánaðamót júní/júlí.



All hastarlegt hret gerði 20. maí þegar búið var að flytja um 1/3 allra plantna á svæðið. Ekki er talið að skemmdir hafi hlotist af enda var acryl dúkur breiddur yfir plönturnar sjá **mynd 1** (plöntulager á Höfða) Hugsanlega hafa einhverjar rótarskemmdir orðið í gróðrarstöð en umfang er ekki þekkt.

Eftir Jónsmessu brá mjög til betri tíðar og virtist vöxtur í flestum skógarteigum vera með ágætum þegar upp var staðið.






## Skógur undir veg

Vorið 2011 kom til þess að Vegagerðin þurfti að fara með nýjan veg í gegn um eitt af skógræktarsvæðum síðustu ára. Þetta var á Skálanesi í Gufudalssveit en þar var að vaxa upp afbragðs fallegur laufskógur sem plantað var til árin 2002-3.

Samningur um skógrækt á Skálanesi er frá 2001 um 20 ha lands. Fullplantað var í landið á nokkrum árum og hefur trjávöxtur og viðgangur verið með mestu ágætum. Nýtt vegstæði liggur rétt ofan við þjóðveg ofan við útihús og tekur yfir 1,9 ha af ungskógi í brekkum og lægðum milli klettaborga. Skjólaskógar framkvæmdu úttekt á skógi sem stóð í vegstæði haustið áður og gerðu skaðabótakröfu á vegagerðina fyrir hönd landeiganda. Á svæðinu stóðu rétt tæpar 3.000 plöntur frá sumrinu 2002 og var helmingur þeirra á hæðarbilinu 1-3 m. en annað lægra. Skaðabótakrafa hljóðaði upp á að bæta stofnkostnað að fullu fyrir 1,9 ha nýskógrækt auk vaxta frá 2002. Bótakrafa var samtals 515.123 kr og var hún samþykkt af Vegagerðinni.



Samkomulag var við landeigendur um að verja allri bótaupphæð til að færa eins mikið af trjáplöntum úr vegstæði á ný svæði innan samningslands á tún og óræktarskákir. Unnið var að þessum framkvæmdum í nokkra daga um miðjan maí og tókst að flytja góðan helming trjáplanta auk þess sem nágarnar, þ.á.m. aðrir skógarbændur sóttu sér nokkur hundruð tré. Miklir þurrkar voru á svæðinu fram á mitt sumar en þrátt fyrir það virðist stór hluti trjána hafa lifað flutninga af.



A. Tveggja metra há ilmbjörk haustið 2010. B. Stórvirk vinnuvél að störfum. C. Skógarbóndi nælir sér í góðar bjarkir. Ljósm. Kr.J.

## Fræðsla og ráðstefnur

### Grænni skógar 1

Landbúnaðarháskóli Íslands bauð sl. haust upp á nýja námskeiðaröð *Grænni Skóga I*, sameiginlega fyrir Suðurland, Vesturland og Vestfirði. Þessi námskeiðaröð var kennd á Vestfjörðum 2004-2007. Enginn skógarbóndi á Vestfjörðum skráði sig til náms að þessu sinni.

### Fagráðstefna skógargeirans

Árleg fagráðstefna skógargeirans var að þessu sinni á forræði Skjólaskóga í samstarfi við Skógrækt ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Ráðstefnan var haldi í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp Dagana 24.-25. mars.

Ráðstefnan var tvískipt, fyrri daginn var í 10 erindum fjallað um birki og sitkagreni sem timburnytjatré. Síðari dagurinn var almennur fagfundur þar sem í 11 erindum var fjallað um jafnmörg atriði svo sem: ræktunartækni, mælitækni, svepprætur, örtungl, ýmsa úrvinnslu o.fl.

Arnlín og Sæmundur fluttu bæði erindi á ráðstefnunni, Erindi Arnlínar fjallaði um áhrif skógræktargerða á timburgæði sitkagrenis, sitkagreni-gæðatimbur? Erindi Sæmundar var um niðurstöðu kvæmarannsóknna á sitkagreni á Vestfjörðum og vænleg ræktunarsvæði tegundarinnar út frá veðurfarsaðstæðum.

85 manns sóttu ráðstefnuna.

Ráðstefnurit má nálgast á heimasíðu Skógræktar ríkisins: [http://www.skogur.is/media/rit-mogilsar/Fagradstefna\\_skograektar\\_2011.pdf](http://www.skogur.is/media/rit-mogilsar/Fagradstefna_skograektar_2011.pdf)



Ráðstefnugestir í Reykjanesi. ljósm. Björgvin E.

### Önnur fræðsla og fundir

Dagana 27.febrúar til 3. mars sóttu starfsmenn Skjólaskóga ásamt flestum starfsmönnum annara landshlutaverkefna, námskeið Danska Landbúnaðarháskólans: *Skovdyrking – Optimering af vækst og produktanvendelse i marginale vækstområder*. (hagrænir þættir skógræktar og viðarframleiðslu í smáskógrækt eða á jaðarsvæðum). Kennsla fór fram á ýmsum stöðum á Sjálandi og austur Jótlandi.

Þáttakendur fengu styrk frá Leonardo mennta-áætlun ESB en greiddu sjálfir kostnað umfram styrkupp hæð. Starfsmenn Skjólaskóga héldu launum sínum á námskeiðinu.



John Hansen skógarbóni (og löggja) í Uvelse á Sjálandi sýnir nemum hróðugur sagverk sitt, en hann sagaði timbur skemunnar tv. úr eigin skógi í þessari sög.

Félag skógarbænda á Vestfjörðum hélt aðalfund sinn um Jónsmessu á Tálknafirði og aðalfundur Landsamtaka skógareigenda var haldinn á Eyðum 7. og 8. október. Framkvæmdastjóri sótti báða þessa fundi.

Skjólskógar eru aðilar að átaksverkefni í jólatrjáarækt og er Sighvatur Jón Þórarinnsson fulltrúi skógarbænda á Vestfjörðum og Vesturlandi í því máli.

## **Nýtt á döfinni**

### **Grisjunaráttak**

Skjólskógar eru aðilar að samstarfi landshlutaverkefna og Nýsköpunarmiðstöðvar um stóráttak í grisjun. Með því er m.a. gert ráð fyrir að nýta sérstaka fjárveitingu til að efla störf í skógum landsins bæði til að hjálfa fólk við vinnu og vinna að vöruþróun og markaðssetningu skógarafurða. Undirbúningur hófst seint á árinu 2011 en stefnt framkvæmdum seinni hluta árs 2012.

### **Orkusjógar á Vestfjörðum**

Seint á árinu hófst undirbúningur rannsóknarverkefnis um ræktun viðar til orkuframleiðslu á Vestfjörðum. Verkefnið verður í samstarfi Skjólskóga, Skógræktar ríkisins, Orkubúss Vestfjarða og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og miðar að því að fá svör við því hvort akurræktun og nýting fljótsprottinnna víðitegunda geti verið hagkvæmur kostur í samanburði við brennslu jarðefnaeldsneytis eða óniðurgreitt rafmagn til upphitunar.

## **Ný stjórn Skjólskóga**

Landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason skipaði nýja stjórn fyrir Skjólskóga á Vestfjörðum frá 1. maí 2011 til 30. apríl 2015.

Hina nýju stjórn skipa:

Viktoria Rán Ólafsdóttir, Hólmavík formaður stjórnar.

Jóhann Björn Arngrímsson, Hólmavík (tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vestfjörðum)

Þorbergur Hjalti Jónsson, Reykjavík (tilnefndur af Skógrækt ríkisins)

Fráfarandi stjórn eru færðar bestu þakkir fyrir störf sín á skipunartímanum.